

Iceland

Upplýsingaöryggi



Vírinn

16. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

ulfar@deloitte.is

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

rey@deloitte.is

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Brotist inn í utanríkisráðuneyti Grikklands

Brotist var inn í tölvupóstkerfi utanríkisráðuneytis Grikklands og trúnaðargögnum stolið.

Utanríkisráðuneyti Grikklands hefur tilkynnt að tölvuprjótum hafi tekist að brjótast inn í tölvupóstkerfi þeirra og komist í trúnaðargögn. Meðal gagna sem stolið var voru gögn frá Evrópuréttinum um Kosovo og peningaþvætti í Albaníu. Hluta þessara gagna hefur nú þegar verið lekið á Internetið.

Meira ▶

Microsoft borgar \$100.000 til öryggissérfræðings

Microsoft hefur tilkynnt að þeir munu borga breskum öryggissérfræðingi \$100.000 vegna veikleika sem að hann fann í Windows 8.1 stýrikerfi Microsoft.

Öryggissérfræðingurinn James Forshaw fann nýlega galla í Windows 8.1 sem kemst fram hjá þeim vörnum sem Microsoft setti upp í stýrikerfinu til að varna því að tölvuþrjotar gætu brotist inn í kerfið. Fyrirtækið sem James vinnur hjá mun fá borgað \$100.000 (um 12.000.000 kr) vegna þessa frá Microsoft.

Meira ▶

Gagnaleki hjá heilbrigðisfyrirtæki í Bandaríkjunum

Innanhússrannsókn leiddi í ljós að starfsmaður heilbrigðisfyrirtækis var að senda trúnaðarupplýsingar í óvörðum tölvupósti.

Heilbrigðisfyrirtækið Hospice of Chesapeake hefur tilkynnt að fyrir um tveim mánuðum var hafin rannsókn á því hvernig stóð á því að trúnaðarskjal sem innihélt upplýsingar um skjólstæðinga þeirra fór af stað í gegnum tölvupóstkerfið þeirra. Rannsóknin leiddi í ljós að starfsmaður þeirra sendi skjalið á sitt einkanetfang til þess að vinna í því heima. Þessi aðgerð starfsmannsins hefur nú endað með því að Hospice of Chesapeake hefur beðið lögregluna um að rannsaka þetta mál.

Meira ▶

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Virinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Smáratorg 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)